

Nr. 158 / 10 Sóley SH 124**Vélarbilun og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 1674
Smíðaður: Seyðisfirði 1985 stál
Stærð: 144,2 brl. 201 bt.
Mesta lengd: 25,99 m Skráð lengd: 23,33 m
Breidd: 7 m Dýpt: 5,7 m
Vél: Caterpillar 416 kW 1984
Fjöldi skipverja: 8



Sóley©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 8. apríl 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Jóhanni Ársælssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 29. nóvember 2010 var Sóley SH 124 að togveiðum á „Agötumiðum“ 50 sml vestur af Bjargtöngum. Veður: SV 12 m/s.

Verið var að kasta trollinu og hlerarnir komnir í sjó þegar skipstjóri varð var við að skrúfan „datt út“ og skipið missti ferð. Þegar var farið í að ná trollinu inn aftur svo það lenti ekki undir skipinu. Við skoðun kom í ljós að alvarleg bilun var í skrúfugírnum svo skipstjóri hafði samband við Helgu RE 49 og fékk hana til að draga Sóleyju SH til Grundarfjarðar.

Við rannsókn kom fram:

- að fyrirkomulag er á þann hátt að aftan við vélina stendur deiligir (Mekong) með þremur sjálfstæðum aflúrtökum og er hann drifinn með gegnumgangandi öxli frá vél. Skrúfugírinn (Ulstein 220) er boltaður aftan á deiligirinn og tengdur við öxulinn með flangsi inn í skrúfugírshúsinu.
- að við nánari skoðun á skrúfugírnum kom í ljós að boltar og stýripinnar í tenginu höfðu brotnað og gengið aftur í kúplingshúsið, spænt það upp með þeim afleiðingum að þeir og kúplingin möluðust niður;
- að sex boltar voru til að skrúfa flangsinn saman ásamt sex stýripinum. Ekki var að sjá að boltarnir hafi verið splittaðir að sögn yfirvélstjóra en af ummerkjum gengja má ætla að þeir hafi líklega verið límdir í gengjurnar. Hann sagði að við samsetningu að nýju voru boltahausarnir gegnumboraðir og splittaðir með vír tveir og tveir saman;
- að sögn yfirvélstjóra var hætta á að málmsalli hefði komist í legur og var því skipt um þær allar. Kúplingin skemmdist mjög mikið en þar sem

afgreiðslufrestur á nýrri var langur var gert við hana til bráðabirgða og að sögn yfirvélstjóra verður skipt um hana þegar hún berst;

- að sögn yfirvélstjóra var aðalgírinn tekin til viðgerðar 1999 en deiligírinn var tekin frá til viðgerðar fyrir um sex árum en þá var síðast átt við tengið;
- að skipstjóri sagðist ekki minnst þess að veiðarfæri hafi farið í skrúfuna svo alvarlegt gæti talist. Hann hafði heyrt að fyrir meira en tíu árum hafi farið í skrúfuna svo vélin stöðvaðist en ekki var talið að skemmdir hefðu orðið;
- að sögn yfirvélstjóra fylgdi gírnum búnaður til að neyðarkúpla sem í þetta skipti hefði ekki komið að gagni. Það vakti samt athygli að framleiðandi kúplingarinnar gerði ráð fyrir að hægt væri að neyðarkúpla en framleiðandi gírsins hafði hannað gírhusið þannig að það er ekki hægt að koma búnaðinum við.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.